

## Minnisblað byggingarfulltrúa

**Málsaðili** : Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæði  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 05.09.2022  
**Númer** : 202208701  
**Flokkur** :

**Efni** :

**Efni: Fyrirspurn er varðar notkun húsnæðis sem gistingu til skammtímaleigu án veitinga.**

Borist hefur erindi frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, dags. 24. ágúst 2022, með ósk um umsögn fyrir rekstarleyfi Igloo ehf. vegna gistingar að Vogatungu 59 innan Leirvogstunguhverfis í Mosfellsbæ.

Hverfið að Leirvogstungu er skilgreint sem íbúðahverfi með sérþýliseignum auk lóðar fyrir samfélagsþjónustu leik- og grunnskóla. Innan hverfis eru þó skilgreindar sérstakar lóðir austast, við hringtorg Vesturlandsvegur, sem ætlaðar eru fyrir einhverskonar verslun- eða þjónustu sem nýtast hverfinu í heild og íbúum þess. Gildandi deiliskipulag var upprunalega samþykkt 28.06.2006 með síðari breytingum, byggir það á ákvæðum þáverandi aðalskipulags og samræmist núverandi nýting svæðis gildandi aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030.

Lóðin Vogatunga 59 er skráð íbúðarhúsalóð, raðhús, innan íbúðarbyggðar (ÍB) skv. skipulagsreglugerð 90/2013. Lóð og skilgreint íbúðarhús er ekki ætlað fyrir rekstur atvinstarfsemi sem truflað geta nærliggjandi íbúa og húseigendur, skv. deiliskipulagi. Líta verður til grenndarhagsmuna og hugsanlegs ama sem umferð ókunnugra getur ollið í gróinni byggð. Rekstur gististaða, fyrir skammtímaleigu, eins og hér er kynnt ætti frekar heima innan svæða sem skilgreind eru Miðsvæði (M), Verslun og þjónusta (VP) eða þá á lóðum íbúðahverfa sem upprunalega voru skilgreindar fyrir annað en íbúðir. Umsókn fellur því ekki að samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Byggingarfulltrúi gerir því athugasemdir við kynnt rekstarleyfi og andmælir útgáfu þess.